


Vísindaleg aðferð til samtals við íbúa stjarnanna.



Helgi Pjeturss

I.

Pýzkur próffessor, dýrafræðingur, sem einnig hefir áhuga á því, sem menn þar í landi nefna Parapsychologie, en hér sálræn fræði — og seinna mun fá önnur nöfn — sendi mér tímarit, sem hann gefur út um þau efni. Treystist ég ekki til að bæta við mig tímariti, en þegar til skyldi taka að endursenda, fann ég ekki öll heftin. Bauð ég þá próffessornum, í þess stað,

þátttöku í merkilegri uppgötvun, sem tímariti hans gæti orðið mikillega til eflingar. En uppgötvunin er þess efnis, að fá meg, með tilstyrk miðils, samband, og tala við íbúa annara stjarna. Þjóst ég þó ekki við, að tilboð þetta yrði vel þegið, eða jafnvel nokkurs metið; svo háar hugmyndir hefi ég ekki um próffessor þenna. Þó að því fari hins vegar fjarri, að ég meti hann litils. Það var í ágúst sl., sem ég sendi tilboð þetta. Og nú bið ég menn að taka vel eftir, hversu vegir forsjónarinnar — svo að ég komist þannig að orði — geta

stundum verið skemtilega skýrir og greinilegir. Um líkt leyti og bréf mitt kemur til prófessorsins, fær hann septemberheftið af Zeitschrift für Parapsychologie; er það timarit mjög merkt, og standa að því margir vísindamenn, náttúrufræðingar ýmiskonar, heimspekingar og læknar; ritstjóri er dr. P. Süner, yfirlæknir. Í þessu septemberhefti er nú (S. 557—59) ritgerð, sem er stórbýðingarmikil fyrir þetta sambandsmál, og hefði getað verið prófessorum, sem ég gat um í upphafi, ágæt hjálp til að átta sig á því, hversu merkilegt tilboðið var, sem hann hafði þá fengið frá mér. Í ritgerð þessari segir Hans Schubert frá stórfróðlegum sambandsfundum. Þegar miðillinn er sofnaður (trance), klappar hann á hné sér, snýr sér að hr. og frú F., sem þar eru stödd, og segir: „Þekkið þið mig ekki?“ Kveðst hann vera Gustav M., gamall kunningi þeirra hjónanna. F. kannast við manninn, og voru þó 15 ár síðan hann hafði séð hann; en fyrir 20 árum höfðu þeir verið saman í söngfélagi, og einmitt það mun hafa átt líklega drýgstan þáttinn í því, að Gustav M. gerir þarna vart við sig: hann „kemur þarna í“ miðilinn, verður *draumgjafi* miðilsins fyrir stilliáhrif síns gamla samsöngvara. Ekki þekti miðillinn þennan Gustav M., og hafði aldrei heyrt hans getið. Gustav M. segir nú ýmislegt af sér og sínum högum á þessum fundi og öðrum seinni, en F. heldur, að það sé andi kunningja síns dáins, sem við þau talar. Þegar Gustav M. verður var við þetta, þá mótmælir hann því harðlega, að hann sé dáinn, kveðst vera sofandi heima hjá sér, og sé það síður sinn að fara að sofa kl. 8. Eftir þessa fundi fer svo H. Schubert og þau F.-hjónin og leita uppi Gustav M. Finna þau hann sitjandi í hægindastól sínum, og nærri blindan. Hafa þau alla nauðsynlega varúð við, láta ekkert uppskált um

sitt eiginlega erindi, en þó kemur ótvíræðlega í ljós, að öllu ber saman, því, sem hinn sofandi miðill í sannkölluðu sambandsástandi hafði talað, eins og hann væri Gustav M., og því, sem hinn nálega blindi og einmana öldungur segir þeim þarna sjálfur.

II.

Almenningur hefir, því miður, ennþá ekki veitt eftirtekt þeirri furðulegu staðreynd, að sofandi maður getur nagað sér einsog annars manns sál sé komin í hann. Og þó er erfitt að benda á það viðfangsefni líffræðinnar, sem undraverðara sé, eða líklegra til að auka skilning á tilverunni, þegar rannsakað verður nógu vandlega. En jafnvel vísindamennirnir, sálfræðingarnir og sálulæknarnir (Psychiater) hafa hvergi nærri veitt því þá eftirtekt sem skyldi, að andi og taugastarf eins manns getur framleiðst í öðrum, þegar sérstaklega stendur á. Af þessum athyglisskorti er það, sem uppgötvun mín á eðli svefnis og drauma hefir fengið svo lítinn byr ennþá meðal vísindamanna; og af því er það, sem alheimslíffræðin (kosmisk biologi), sú vísindagrein, sem betur mun greiða fyrir framförum mannkynsins en nokkur þau vísindi, sem hingað til hafa verið stunduð, er ennþá aðeins í fyrstu bernsku.

Þegar ég nú las þessa ritgerð Schuberts, sem ég hefi getið um, sá ég að þarna var gott færi á að þoka eitthvað áleiðis því máli, sem er svo áriðandi, að ef það nær ekki fram að ganga, þá mun öll menning falla í rúst áður á mjög löngu liði, og mannkynið liða undir lok, hið hvíta mannkyn fyrst. Skrifaði ég þá dálitla grein og sendi þessu sama timariti, *Zeitschrift für Parapsychologie*; er hún prentuð í nóvemberheftinu 1930, s. 705. Reyndi ég til að glæða athygli

manna gagnvart þýðingu slíkra athugana, sem Schubert hafði þarna sagt frá. Er þar um að ræða slíkt sem spíritistar kalla anda, en langflestir sálufræðingar og sálsýkifræðingar klofning úr meðvitund eða sálu mannsins, Spalt-Ich, Dissociationspersönlichkeit. En í raun rétttri var þetta nokkurskonar orkuúttreymi eða geislan frá lifandi manni, sem fór í líkama annars manns og magnaði hann að nokkru. Benti ég á, að þarna er möguleiki til að rannsaka lífið á öðrum jarðstjörnum og setja á stofn alheimslíffræði. Athuganir af þessu tagi eru ekki óalgengar, og virðist á sama standi, hvort sá, sem frá stafar lífgeislan sú, sem í miðilinn fer, er fjær honum eða nær. Fjarlægðin virðist, með öðrum orðum, ekki koma til greina í þessu sambandi. Í tímaritinu „Light“ er t. d. sagt frá því — ég man ekki hvort það er 1925 — hvernig enskur hermaður austur á Indlandi kemur fram sem „andi“ á miðilfundi, sem haldinn er á Englandi. Hér virðist því ekkert undanfæri frá því að álykta, að ef menn séu til, sem aðrar jarðstjörnur byggja, þá séu yfirgnæfandi líkur fyrir því, að einnig þeir geti komið fram sem andar hér á jörðu og talað af munnni sofandi miðils. Tók ég skýrt fram, að það sé skylda þeirra, sem við rannsóknir fást á því, sem sumir kalla anda, en aðrir klofnings-ég (Spalt-Ich) eða persónuleikaklofning, að rannsaka með þann möguleika fyrir augum, að það, sem í raun rétttri er um að ræða, sé áhrif frá íbúum annara stjarna. Mun þá sannleikurinn fara að koma í ljós, sá, sem svo afar-áriðandi er að vera ekki óvitandi um, þegar þessi aðferð verður höfð. Veit ég með fullkominni vissu, eftir langvinnar rannsóknir, að það, sem menn hafa misskilið, á þann hátt, sem vikið hefir verið á, er í raun rétttri samband við lífið á öðrum

stjörnum. En þegar sú þekking hefir verið þegin og tekin til vísindalegrar ávöxtunar, en framkvæmdum hagað þar eftir, þá mun á skömmum tíma gerbreytast lífið hér á jörðu, sem ennþá er svo-mjög-vanskapað og misskapað. Þá munu allir fara að finna og skilja, hversu fagurt getur verið að lifa. Þá mun tekin verða sú leið, sem ekki liggur til hrörmunar, hörmunga og heljar, heldur til ávalt vaxandi og batnandi lífs.

Jan. 1931.

Helgi Pjeturss.